

Vinnslustöðin hf
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjar

9. júlí 2025
UOS2501491/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22. maí 2025, ID 95

Þann 22. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Vinnslustöðina hf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Samkvæmt sýni sem var tekið í nóvember 2022, var losun svifefna og COD með frárennslisvatni umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.
2. Svifefni og COD mældust yfir leyfilegum mörkum í mælingum í september 2023. Auk þess mældist í sömu mælingum, of mikil fita í frárennsli hreinsistöðvar.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Setja þarf þröskuld á efnageymslu til að hindra að efni leki út úr geymslunni verði óhapp í henni.

Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Í mælingu sem var gerð í desember 2024 var styrkur efna í frárennsli verksmiðjunnar hærri en er heimilt skv. starfsleyfi.
2. Opið niðurfall er í efnageymslu, en skv. starfsleyfi skal, við geymslu efna, takmarka mengunarhættu eins og kostur er.
3. Ílát sem innihalda saltsýru og vítissóða eru geymd saman, en skv. 16. gr. efnalaga nr. 61/2013 skal geyma hættuleg efni á trygган hátt.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. ágúst 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

teymisstjóri, teymi eftirlits